



Fréttatilkynning
31 July 2024 08:45:00 GMT

Íslandsbanki hf.: Íslandsbanki tilkynnir um nýtingu innköllunarheimildar á skuldabréfaútgáfu í evrum

Íslandsbanki hf. tilkynnir í dag eigendum 300 milljóna evra skuldabréfaútgáfu sem ber 7,375% vexti og er á gjalddaga 17. maí 2026 (ISIN: XS2553604690) um nýtingu innköllunarheimildar.

Íslandsbanki hf. (hér eftir Íslandsbanki eða bankinn) hefur í dag tilkynnt eigendum 300 milljóna evra skuldabréfaútgáfu sem ber 7,375% vexti og er á gjalddaga 17. maí 2026 (ISIN: XS2553604690) (hér eftir skuldabréfin) um nýtingu innköllunarheimildar í samræmi við skilyrði 6.6 í skilmá�um skuldabréfanna (e. *Clean-up Redemption at the option of the Issuer (Clean-up Redemption Option)*).

Íslandsbanki tilkynnir jafnframt að bankinn hefur óskað eftir afskráningu skuldabréfanna í írsku kauphöllinni (the Irish Stock Exchange plc trading as Euronext Dublin) þar sem skuldabréfin eru skráð og viðskiptum með skuldabréfin verði þegar hætt. Nánari upplýsingar um innköllunina má finna í tilkynningu sem birt er opinberlega í írsku kauphöllinni (<https://direct.euronext.com/#/rispublication>) þar sem skuldabréfin eru skráð.

Frekari upplýsingar veita:

Fjárfestatengsl - Bjarney Anna Bjarnadóttir, ir@islandsbanki.is
Samskiptastjóri - Edda Hermannsdóttir, pr@islandsbanki.is

MAR legend - Tender offer

Þessi tilkynning er birt af Íslandsbanka hf. og inniheldur upplýsingar sem töldust eða kunna að hafa talist innherjaupplýsingar í skilningi 7. gr. reglugerðar Evrópublingsins og Ráðsins (ESB) nr. 596 /2014 um markaðssvik (MAR), sbr. lög nr. 60/2021, um aðgerðir gegn markaðssvikum, sem innihalda upplýsingar tengdar endurkaupatilboðinu sem lýst er hér að ofan. Tilkynning þessi er gerð af Ellerti Hlöðverssyni, fjármálastjóra Íslandsbanka hf., í samræmi við upplýsingaskyldu bankans samkvæmt MAR og 2. gr. framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EU) 2016/1055.

Viðhengi

[Íslandsbanki hf.: Íslandsbanki tilkynnir um nýtingu innköllunarheimildar á skuldabréfaútgáfu í evrum](#)